

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1939.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á vörum, undirskrifuð af konungi 26. ágúst 1939, nr. 47.

Konungleg tilskipun um að fyrirmælum þeim, er sett voru í konunglegri tilskipun nr. 102 14. júní 1938, um ýms hlutleysisákvæði, skuli farið eftir nú þegar, undirskrifuð af konungi 1. september 1939, nr. 48.

Bráðabirgðalög um sölu og útflutning á vörum, undirskrifuð af konungi 12. september 1939, nr. 49.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, undirskrifuð af konungi 18. september 1939, nr. 50.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum, undirskrifuð af konungi 6. október 1939, nr. 51.

Auglýsing um viðbótarákvæði við samning milli Íslands og Stóra-Bretlands 25. október 1938, um framsal sakamanna, sem komið hafa undan, og birtur er í A-deild Stjórnartíðindanna, með auglýsingu nr. 43 14. júlí 1939, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 12. október 1939, nr. 52.

Konungsbréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 1. nóvember 1939, undirskrifað af konungi 16. október 1939, nr. 53.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 17. október 1939, nr. 54.

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 20. október 1939, nr. 55.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, undirskrifuð af konungi sama dag 1939, nr. 56.

Bráðabirgðalög um stríðstryggingarfélag islenzkra skipshafna, undirskrifuð af konungi 27. október 1939, nr. 57.

Auglýsing um staðfesting alþjóða-fjarskiptareglugerða, undirskrifuð af atvinnu- og samgöngumálaráðherra 8. nóvember 1939, nr. 58.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Hrísey. 151

9. sept.

Með bréfi, dags. 4. júlí þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tilögu sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðarinnar í Hrísey, ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Hrísey, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

Lína 200 metra á land upp frá Stekkjarnefi og önnur jafnlöng frá Saltnesi og þeirra milli enda þeirra fjarst sjó. Að öðru leyti sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað, glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.